

Frumvarp til laga

um áhugamannahnefaleika.

(Eftir 2. umr., 5. febr.)

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af yfstrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.